

Leikskólinn Tjarnarbær

Ársskýrsla



Frá september 2015 til ágústloka 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hagnýtar upplýsingar um skólann.....	2
Starfsfólk / Fjöldi kennara	3
Stöðugildi	3
Hreyfingar	3
Skipulags- og námskeiðsdagar	4
Nám, námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsmenn	4
Skýrsla um skólahald starfsárið 2015– 2016.....	5
Endurmat á starfsmarkmiðum fyrir skólaárið 2015 – 2016.....	6
Unnið með leikinn	6
Félagsleg tengsl barnanna	7
Skráning í leikskólastarfinu	7
Lýðræði	7
Grænfáninn.....	8
Lestur og ritmál	8
Stærðfræði	8
Endurvinnsla og flokkun	8
Nám án aðgreiningar - sérkennsla	9
Samstarf leik - og grunnskóla.....	9
Sérkennsla	10
Skóladagatal Tjarnarbæjar 2015-2016	10
Útskriftarathöfn elstu nema	14
Mat á leikskólastarfi	15
Foreldrafélag og foreldraráð.....	17
Dægradvöl	17
Samrekstur mötuneytis	18
Fjárhagsáætlun.....	18
Viðhald í leikskólanum	18

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólstarfið í leikskólanum Tjarnarbæ fyrir skólaárið 2015 - 2016. Leikskólinn Tjarnarbær hóf starfsemi sína þann 12. apríl 1982 en var formlega vígður þá um sumarið af þáverandi forseta Íslands frú Vigdísi Finnbogadóttur.

Tjarnarbær er staðsettur á fallegum stað í þorpinu og við hliðina á skólanum er tjörn, sem hann dregur nafn sitt af. Stutt er í náttúrulegt umhverfi og einnig er stutt í sundlaug og íþróttahús.

Leikskólinn er byggður sem tveggja deilda leikskóli og er rými fyrir 40 börn. Er önnur deildin skipulögð fyrir yngri börnin en hin fyrir þau eldri. Deildirnar bera nöfn sín af fjöllum tveimur sem umlykja fjörðinn okkar, Spilli og Gelti.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Á Tjarnarbæ er boðið upp á vistun frá kl. 7:45 – 16:15. Boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma, 4 - 8 klst. Þar að auki er hægt að bæta hálf tíma við hvern dvalartíma.

Heimilisfang skólans er: Túngata 11.

Símanúmer: 450 8290 - gsm: 896 7991.

Leikskólastjóri: Svava Rán Valgeirsdóttir tjarnarbaer@isafjordur.is

Deildarstjóri: Lilja Einarisdóttir liljaei@isafjordur.is

Aldurssamsetning barna á síðasta skólaári var frá 1 til 6 ára.

Á síðasta starfsári voru 19 börn á haustönn og 17 börn á vorönn, auk þess sem fjögur börn voru eftir hádegi í dægradvöl. Nokkur fækkun var á börnum frá fyrra starfsári þar sem stór hópur fór yfir í grunnskólann. Einnig fluttu börn frá Suðureyri á þessu tímabili.

Grunnskólabörn eru í dægradvöl eftir hádegi.

Starfsfólk / Fjöldi kennara

Tveir leikskólakennarar störfuðu við skólann á síðasta skólaári og er annar af þeim leikskólastjórinn. Þar fyrir utan erum við með ófaglærða kennara og sumir þeirra hafa langan starfsaldur og eru þar af leiðandi með mikla og góða reynslu af leikskólastarfi.

Listi yfir þá starfsmenn sem störfuðu í leikskólanum sl. starfsár en á mismunandi tíma.

Svava Rán Valgeirsdóttir, leikskólastjóri	100%
Lilja Einarsdóttir, deildarstjóri	100%
Jóna Margrét Valgeirsdóttir	100%
Petra Dröfn Guðmundsdóttir	100%
Kristín Ósk Egilsdóttir (Afleysing)	100%
Þórhildur Sandra Davíðsdóttir (veikindal.)	75%
Aldís Jóna Haraldsdóttir, stuðningur	87,5%
Emilía Agata Górecka, matráður	93,75%

Anna Szablowska, ræsting

Monika Tyszkiewicz, ræsting

Stöðugildi

Stöðugildi við leikskólann var 5.9375 en var aukið upp í 6.8125 frá 1. febrúar vegna barns sem þarf stuðning.

Hreyfingar

Þórunn Ólafsdóttir sagði upp störfum við skólann sl. haust, þar sem hún er búsett á Ísafirði og fékk vinnu og leikskólapláss fyrir börnin sín þar. Við þökkum Þórunni fyrir góð kynni og samstarf á starfsárinu. Þórhildur Sandra Davíðsdóttir fór í veikindaleyfi í byrjun september. Í hennar stað var ráðin inn tímabundið, Kristín Ósk Egilsdóttir. Í febrúar 2016 var Aldís Jóna Haraldsdóttir ráðin inn sem stuðningur við barn fram að 1. júní er barnið hætti í leikskólanum vegna flutnings. Við þökkum Aldísi fyrir góð kynni og samstarf á árinu.

Skipulags- og námskeiðsdagar

- Skipulagsdagur 4. september: Dagurinn var nýttur til að skipuleggja og útfæra starfið á komandi starfsári.
- Námskeiðsdagur: Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna var haldinn þann 16. október. Námskeiðið var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Boðið var upp á námskeið um snemmtæka íhlutun með Ásthildi Snorradóttur. Starfsfólk var ánægt með námskeiðið og gat nýtt sér margt í starfi sem kom fram á námskeiðinu.
- Skipulagsdagur 2. janúar 2015: Dagurinn var nýttur til að skipuleggja starf vorannar og fara yfir þau markmið sem við settum okkur þetta starfsárið.
- Skipulagsdagur 9. febrúar: Öllum starfsmönnum í leikskólum Ísafjarðarbæjar var boðið upp á námskeið Leikum og lærum með Bryndísi Guðmundsdóttur. Um var að ræða mjög gott og fróðlegt námskeið sem starfsmenn gátu nýtt í starfinu. Matráðar fengu líka námskeið sem var sérsniðið að þeirra þörfum.

Starfsmannafundir voru fjórir yfir árið og voru haldnir frá kl 13:00 – 16:00 á föstudögum. Tímasetning þessi er í samráði við foreldraráðið. Á starfsmannafundum eru rædd þau mál er liggja fyrir á næstunni, þeir eru nýttir til að ræða barnahópinn og endurmeta ákveðna þætti í starfsemi leikskólans. Einningu eru foreldrafundir nýttir til að undirbúa starfsmannafundi.

Nám, námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsmenn

- Allir starfsmenn tóku þátt í sameiginlegum námskeiðsdegi leikskóla Ísafjarðarbæjar í október. Boðið var upp á námskeið með Ásthildi Snorradóttur þar sem fjallað var um snemmtæka íhlutun.
- Boðið var upp á skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn, utan vinnutíma. Starfsmenn Tjarnarbæjar nýttu sér það og var mjög góð mæting.
- Emilía Agata Górecka matráður sótti námskeið sem boðið var upp á fyrir matráða í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Einnig fór hún í raunhæfnimat til að meta hversu miklu hún þarf að bæta við sig til að klára matartækninám.
- Lilja Einarsdóttir situr í leikskólateymi um lestur og stærðfræði sem ber nafnið *Stillum saman strengi*.

- Jóna Margrét Valgeirsdóttir stundar nám leikskólaliða á framhaldskólastigi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
- Sl. sumar lauk Svava Rán Valgeirsdóttir mastersnámi í Sérkennslufræðum við Háskóla Íslands.

Skýrsla um skólahald starfsárið 2015– 2016

Þá er enn eitt ánægjulegt skólaár að baki. Mikil áhersla hefur verið lögð á stærðfræði og lestur bæði í skipulögðu starfi en einnig almennt í öllu starfi okkar. Unnið var eftir starfsáætlun skólans sem var unnin af starfsfólki leikskólans þar sem mátti sjá þær áherslur sem starfsmannahópurinn vildi vinna að. Gekk nokkuð vel að fylgja henni eftir. Hins vegar var nokkur breyting á starfsmannahópnum og aðeins hluti af honum sem kom að gerð áætlunar sem var gerð vorið 2015.

Aðlögun barna gekk nokkuð vel, þó svo að alltaf sé nokkuð erilsamt í byrjun hausts.

Einn starfsmaður fór í langvarandi veikindafrí og var ráðinn inn starfsmaður fyrir hann. Það byrjuðu því tveir nýjir starfsmenn hjá okkur um haustið. Það tekur alltaf nokkurn tíma að þjálfa upp nýtt starfsfólk en við erum alltaf heppin að fá gott starfsfólk til starfa sem er áhugasamt um starfið. Nokkur fækkun var í barnahópnum frá síðasta starfsári og var starfsmannahaldi hagað eftir því. Í desember var staðfest greining barns á einhverfurófi frá Greiningarstöð Ríkisins og var auglýst eftir starfsmanni til að sinna stuðningi við barnið. Nýr starfsmaður byrjaði hjá okkur í janúar en hann hafði þekkingu á starfi með unglingum á einhverfurófi auk þess sem hann var í námi við HÍ á kennaraadeild.

Vorönnin gekk mjög vel hjá okkur. Við höldum áfram að fylgja starfsáætlun leikskólans og unnið var markvisst með verkefnið *Stillum saman strengi* sem er átaksverkefni um lestur og stærðfræði í öllum leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Skipulögð stund í markvissri málörvun fór fram einu sinni á dag og almennur fókus var líka meiri á lestri, læsi og stærðfræði í öllu skólastarfinu og mátti sjá það víða. Bangsinn Veronika hélt áfram að fara heim til barnanna, en um var að ræða lestrarverkefni sem foreldrar tóku þátt í heima. Ásamt bangsanum Veroniku, fóru þrjár bækur með heim í pöknum á móðurmálum þeirra barna sem eru í leikskólanum. Í töskunni var líka dagbók en í hana skrifuðu foreldrar það sem hafði verið gert heima með Veroniku auk þess að lesa bækurnar fyrir börnin. Foreldrar skrifa á því tungumáli sem þeir vilja í dagbókina og höfum við fengið frásagnir á pólsku og íslensku. Höfum við svo fengið pólskumælandi aðila til að lesa og túlka fyrir okkur. Markmiðið með þessu er að hvetja til lesturs með börnunum og einnig gafst börnunum tækifæri til að kynna

sína heimamenningu í leikskólaum. Unnið var líka með Lubba sem finnur málbeinið og Orðagull þar sem börn læra ný orð og nota það síðan í starfinu. Við berum fulla virðingu fyrir því að börnin tali sitt móðurmál í vinahópnum. Merki um lestrar- og stærðfræðiátakið mátti líka sjá víða á veggjum skólans sem og almennt í starfinu. Við bættum við merkingum á móðurmáli allra barnanna á eldri deildinni. Ástæðan fyrir því er að við viljum gera móðurmáli þeirra hátt undir höfði þannig að foreldrar og tvítýngd börn finni að borin sé virðing fyrir þeirra móðurmáli í verki. Ætlunin er að auka þetta í leikskólanum þannig að skólastarfið taki sem mest mið af þeim barnahóp sem er í skólanum hverju sinni og að unnið sé með fjölmenningslega kennsluhætti í sem víðustum skilningi. Lögð var áhersla á að börnin ættu auðvelt með að nálgast leikefni sem tengjast lestri og málörvun. Við beindum einnig sjónum að stærðfræðinni í víðum skilningi, talningu, samlagningu og frádrætti, hugtökum og formum. Var þetta tvinnuð inn í allt starf hjá okkur. Áhersla var lögð á að spila með börnunum og einnig að vinna verkefni sem krefjast þess að þau noti þekkingu sína í stærðfræði. Sumarstarfið var með nokkuð hefðbundnu sniði, mikið var gert að því að færa kennsluna út í náttúruna og nýta góða veðrið og umhverfið okkar til kennslu.

Endurmat á starfsmarkmiðum fyrir skólaárið 2015 – 2016

1. Leikinn
2. Félagsleg tengsl barna
3. Lýðræði
4. Grænfáninn
5. Skráning í starfinu.
6. Lestur og ritmál
7. Stærðfræði.

Unnið með leikinn

Endurmat: Val barnanna var skráð og þannig gátum við séð hvaða leikefni var vinsælt hjá hverju barni fyrir sig. Eitthvað var tekið upp á myndband en það hefði mátt gera meira af því. Á starfsmannafundum var umræða um mikilvægi frjálssa leiksins og einnig hvernig við gætum unnið að verkefnum með því að nýta leikinn. Rætt var um hlutverk kennarans í frjálssa leiknum og mikilvægi þess að hann sé til staðar til að styðja við leikinn og hjálpa börnunum að takast á við þau vandamál sem upp kunna að koma í leiknum. Að hann sé til staðar til að

kenna þeim og styðja að takast á við ágreining. Einnig er mikilvægt að kennarinn sé á staðnum til að kenna börnum sem hafa slaka félagsfærni að leika við önnur börn. Í frjálsa leiknum gefst einnig gott tækifæri að vinna með málþroska barnanna og ekki síður barna sem hafa ekki íslensku sem sitt móðurmál.

Félagsleg tengsl barnanna

Endurmat: Kennarar voru mjög meðvitaðir um að styrkja félagshæfni allra barna og hvetja öll börn til þátttöku í leik og starfi. Umræður voru áberandi um styrkleika barnanna að allir væru góðir í einhverju. Eins var mikið rætt um að börnin eigi að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda. Börnin á eldri deildinni fengu stundum að fara í heimsóknir á yngri deildina og leika við börnin. Það er þó mat okkar að við hefðum getað gert meira af því og haft betra skipulag á þeim. Mat okkar er að við viljum vinna betur markvisst með félagsleg tengsl barnanna og höfum því ákveðið að næsta skólaár tökum við inn Vináttuverkefni Barnaheilla, en um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla.

Félagakönnun var lögð fyrir börnin að hausti og vori. Könnunin kom vel út og gaf til kynna að öll börnin ættu vini innan hópsins og að ekkert barn ætti enga vini. Eins var skráð niður með hverjum börnin völdu að leika, en það var gert til að sjá hvort að eitthvað barn væri síður valið í leik með öðrum.

Skráning í leikskólastarfinu

Endurmat: Við erum enn að fikra okkur áfram með skráningar á starfi barnanna. Skráð var val barnanna og einnig félagaval. Vísir að safnmöppu er til staðar og við erum með möppu fyrir hvert barn þar sem gátlistar og foreldraviðtalsblöð eru geymd í.

Lýðræði

Endurmat: Börnin taka virkan þátt í starfi skólans og koma með ábendingar um það sem betur má fara í starfinu. Í samverustundinni eru hin ýmsu málefni rædd og þar eru börnin meðal annars hvött til að koma fram með sínar skoðanir. Lögð er áhersla á að það þurfa ekki allir að hafa sömu skoðun og mikilvægi þess að virða skoðanir annarra. Hins vegar er það mat okkar að við þurfum að festa betur formið og hafa ákveðinn dag í viku sem er barnafundur, einnig þarf að skrá niður það sem var rætt. Könnunaraðferðin er notuð í starfi með börnunum og með

henni er gert ráð fyrir því að börnin komi sjálf með hugmyndir af því sem á að gera í hópastarfinu. Nokkuð vel tókst til að vinna með Könnunaraðferðina.

Grænfáninn

Endurmat: Á síðasta starfsári var haldið áfram að vinna að markmiðum grænfánans. Það er mat okkar að við eigum ekki langt í land með að fá samþykki fyrir því að fá að flagga grænfánanum. Starfsmannahópurinn er sammála því að vinna að því að öllum krafti næsta skólaár.

Lestur og ritmál

Endurmat: Á hverjum degi er lesið fyrir börnin í sögustund, þar er verið að lesa framhalds-sögur og einnig styttri sögur. Börnin hafa gott aðgengi að bókum og þau eru yfir daginn oft hvött til að skoða bækur. Á yngri deildinni er bækur einnig í boði og kennarar nýta tækifæri sem gefast til að lesa fyrir börnin og skoða bækur með þeim. Það er mat okkar að við höfum náð að virkja áhuga barnanna á lestri og stafapækking þeirra hefur aukist mjög mikið. Ekki síður hefur þekking þeirra á hljóðum stafanna aukist en í því starfi höfum við verið að nota námsefnið Lubbi finnur málbeinið.

Stærðfræði

Endurmat: Mat okkar var að það hafi gengið vel að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi stærðfræðina. Nýtt voru spil og ýmis verkefni til að auka getu þeirra og þekkingu á stærðfræði. Daglegar athafnir voru nýttar til að styrkja skilning barnanna á tölum og stærðfræði. Má þar nefna tækifæri sem gáfust við martarborðið, hvað þarf marga diska á borðið? En ef tvö börn eru í frí í dag, hvað þarf þá mikið? Farið var í vettvangsferðir þar sem markmiðið var að finna form eða tölur. Á þennan hátt var reynt að beina sjónum barnanna að umhverfi sínu og þeim formum og tölum sem þar finnast. Markmiðið var einnig að börnin átti sig á því að við notum stærðfræði á hverjum degi og að það er hluti af lífinu.

Endurvinnsla og flokkun

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er pappírs- og kertagerð og er það hluti af stefnu okkar varðandi náttúruna og umhverfið. Börnin læra að það er hægt að endurnýta hluti og búa til eitthvað nýtsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Börnin koma með kertaafganga og pappír að heiman og reglulega er unnið með þennan efnivið yfir veturinn. Í

leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því, en á föstudögum er kassinn sóttur í eldhúsið og flokkað upp úr honum. Eins fer allur lífrænn afgangur í safnkassann okkar, en börnin fara ásamt kennara á hverjum degi út með moltufötuna. Núna í ár nýttum við fyrstu moltuna sem við höfum búið til. Það er mjög skemmtilegt að geta kynnt börnunum þetta ferli á þennan hátt, þar sem þau eru þátttakendur allt ferlið.

Endurmat: Börnin er dugleg að flokka ruslið og taka virkan þátt í því. Við tökum pásu frá moltugerðinni yfir háveturinn, þar sem ekki er hægt að komast að karinu, sökum snjóá.

Nám án aðgreiningar - sérkennsla

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að komið sé til móts við þroskahömlun barna inni á deild eða í litlum hópum. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarerfiðleika að glíma eða þá að barnið eigi mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp.

Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu eins virkir þátttakendur innan barnahópsins og kostur er.

Þegar barn þarf á sérkennslu að halda er útbúin fyrir barnið einstaklingsnámskrá, en hún felur í sér markmið sem hafa verið sett fyrir barnið og þær leiðir sem á að fara til þess að ná þessum markmiðum. Bæði eru sett fram langtímamarkmið og einnig skammtímamarkmið.

Samstarf leik - og grunnskóla

Mjög gott samstarf hefur verið á milli leikskólans og grunnskólans og hefur ákveðin hefð skapast í því samstarfi. Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að byggja brú frá leikskóla yfir í grunnskóla og skapa þannig samfellu í skólastarfinu. Það er áhugi fyrir því innan leikskólans að auka enn frekar þetta samstarf sem miðar að enn meiri samfellu milli leikskólans og grunnskólans. Það er því stefnt að því að hefja strax samstarfið að hausti og að bæði verði um að ræða heimsóknir leikskóla barna yfir í grunnskólann, en einnig að grunnskólabörnin komi í heimsókn yfir í leikskólann. Heimsóknirnar á sl. starfsári fóru þannig fram að farið var einu sinni í viku á vorönn í grunnskólann og börnin tóku þátt í mismunandi tímum með 1. bekk. Þannig gafst þeim kostur á að kynna skólastarfinu og tilvonandi samnemendum

sínum. Það var Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari yngsta stigs sem sá um að skipuleggja heimsóknirnar fyrir hönd grunnskólans. Það er vilji hjá báðum skólastigum að auka þessa samvinnu á næsta skólaári.

Sérkennsla

Leikskólustjóri hefur sinnt þeim börnum sem hafa þörf á einstaklingssérkennslu. Áhersla er einnig lögð á að veita sem mestan stuðning inni á deildum. Flest þeirra barna sem fá sérstuðning, fá hann vegna mál- og/eða hegðunarerfiðleika. Nýjung hjá okkur sl. vetur var að við fengum þjónustu frá Tröppu – talþjálfun. Um er að ræða fjarþjálfun í gegnum tölvubúnað. Kennari situr alltaf í tímanum með barninu og gefur það kennurum góða þekkingu á því sem er verið að vinna með í tímanum og auðveldar það kennaranum að hjálpa barninu við að yfirfæra þekkingu sína úr tímanum í daglegar athafnir. Eins teljum við það vera kost að barnið getur fengið þjónustuna í sitt nær umhverfi og er það því von okkar að framhald verði á þessu.

Skimunarpróf sem notuð eru í skólanum:

- EFL- málproskapróf, lagt fyrir öll börn 3 - 4 ára
- Hljóm-2 próf, lagt fyrir öll 5 ára börn
- Könnunarskimun í stærðfræðihugtökum, lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Tove Krogh teikniprófið – er lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Hreyfiproska gátlisti, lagt fyrir öll börn frá tveggja ára aldri
- Tras- málproskapróf, nýtt sem matstæki fyrir þau börn sem þess þurfa.
- Félagakönnun, próf sem er lagt fyrir öll börn á eldri deild, gefur okkur vísbendingar um hvort eitthvert barn er útundan í barnahópnum.

Skóladagatal Tjarnarbæjar 2015-2016

- **Ágúst**
- 13. opnum eftir sumarfrí
- 20. Berjaferð
- **September**
- Skipulagsdagur
- 7. Hópastarf byrjar
- 8. Dagur læsis

- 11 Ferðadagur
- 16. Dagur ísl. Náttúru
- 26. Leikjadagur
- **Október**
- 2. Dótadagur
- 9. Bleikur dagur
- 14. Foreldrafundur
- 16. Námskeiðsdagur
- 24. Bangsadagur
- 30. Furðufatadagur
- **Nóvember**
- 6. Dótadagur
- 9. Feðradagurinn
- 11. Pólsk hátíð
- 16. Dagur ísl. Tungu
- 20. Starfsmannafundur kl 13:00
- 25. Doppóttur dagur
- 26. Röndóttur dagur
- 27. Köflóttur dagur
- **Desember**
- 1. Fullveldisdagurinn / íslensk hátíð
- 2. Jólafondur foreldrafélagsins
- 4. Dótadagur
- 11. Bæjarferð
- 16. Jólaball
- **Janúar**
- 6. Prettándinn
- 8. Starfsdagur
- 15. Rafmagnslaus dagur
- 22. Þorrablót
- 29. Sleðadagur
- **Febrúar**

- 5. Opið hús
- 6. Dagur leikskólans
- 8. Bolludagur
- 9. Starfsdagur
- 10. Öskudagur
- 19. Tónlistadagur
- 25. Tælensk hátíð
- **Mars**
- 3. Mottumars
- 4. Starfsmannafundur kl 13:00
- 7. – 11. Foreldrafundir
- 14. Litavika / gulur
- 15. Litavika / rauður
- 16. Litavika / grænn
- 17. Litavika / blár
- 18. Litahátíð
- **Apríl**
- 1. Gríndagur
- 12. Afmæli Tjarnarbæjar
- 22. Sólarganga
- Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- **Mái**
- 6. Dótadagur
- 8. Mæðradagur
- 12. Sveitaferð
- 20. Starfsmannafundur frá kl 13:00
- 21. Vorsýning
- 29. Dagur barnsins
- 30. Vorferð
- **Júní**
- 2. Útskrift
- 3. Starfsmannafundur kl 13:00

- 10. Hjóladaður
- 23. Íþróttahátíð á Suðureyri
- 30. Systkinadaður
- **Júlí**
- 1. Dótadaður
- 8. Ferðadaður
- 13. Sumarlokun.

Eins og sést á þessum lista er ýmislegt skemmtilegt sem við gerum í leikskólunum og of langt væri að fara yfir allt. Hér á eru nefnd nokkur dæmi úr starfi okkar: Á haustin er alltaf farið í **Berjafarð** með börnunum, þessar ferðir hafa alltaf verið mjög skemmtilegar og börnin tína ber, í dollur eða uppí sig. En ekki síður fá þau að leika sér í frjálst í náttúrunni. Þegar það eru **Ferðadagar** hjá okkur förum við í lengri gönguferðir og tökum stundum nesti með okkur. Á **Furðufatadegi** mæta allir í furðulegum fötum og á **Bangsadegi** koma allir með bangsann með sér í leikskólann.

Við höldum upp á dag þeirra landa sem tengjast leikskólanum hverju sinni. Á sl. ári vorum við með **pólska, tælenska og íslenska hátíð**, en þessa daga er boðið upp á þjóðlegan mat og dagurinn er tileinkaður hverju landi. Flaggað er viðkomandi fána þessa daga. Við erum með **Litadaga** en þá eiga börnin að koma í viðkomandi lit í leikskólann, en einnig erum við með **Doppóttan-, Röndóttan- og Köflóttandag**. Þann 16. nóvember ár hvert höldum við upp á **Dag íslenskrar tungu** en þá ef hefð fyrir því að krakkar úr grunnskólanum komi og lesi fyrir okkur og börnin á Tjarnarbæ syngja á Sunnuhlíð, dagdeild aldraðra. Foreldrafélagið hefur verið með **Jólafondur** fyrir foreldra og börn, **jólaball** er haldið þar sem foreldrar koma og dansa í kringum jólatréð með börnum sínum og súgfirskir jólasveinar koma í heimsókn. Í janúar erum við með **Rafmagnslausan dag**, þennan dag mæta börnin með vasaljós í skólann. En tilgangurinn með rafmagnslausum degi er að vekja börnin til umhugsunar um hversu háð við erum rafmagni og hvaðan við fáum rafmagn. **Þorrablót** er haldið ár hvert, börnunum boðið upp á þorramat að íslenskum sið og börnin eru með skemmti- og söngatriði. Á **Náttfatadegi** mæta allir í náttfötum í leikskólann. Þann 6. febrúar ár hvert er **dagur leikskólans** en markmiðið með deginum er að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. **Bollu-sprengi- og öskudagur:** Á bolludegi fá öll börnin rjólabollur og fiskibollur eða kjötbollur í hádegismat. Á sprengidegi er boðið upp á saltkjöt og baunir. Á Öskudaginn má sjá alls kyns furðuverur hérna í leikskólanum. Síðasta ár var beinagrind, prinsessa, álfar og

ýmsar fleiri furðuverur hér á sveimi. Eftir leik og gleði í leikskólanum var farið út og sungið fyrir fyrirtækin í bænum sem tóku öll mjög vel á móti okkur og gáfu okkur eitthvað gott í poka. **Sólarkaffi**, hefð er fyrir því að þann dag sem sólin skín inn um gluggann hjá okkur eru bakaðar vöflur og hin langþráða sól er boðin velkomin aftur í þorpið okkar. **Grín og rugldagur** er haldinn í tengslum við 1. apríl. Við borðum á vitlausum stað á deildinni, borðuðum síðdegishressingu í morgunmat og morgunmat í síðdegishressingu og klæddum okkur ruglingslega. Við höldum upp á sumardaginn fyrsta með því að fara í **Sólargöngu**, við útbúum sólarhatta og syngjum sólarlög, Börnunum er boðið upp á pönnukökur þennan dag. Ár hvert er farið í **Sveitaferð** og fáum að skoða dýrin í sveitinni. Í ár var farið í heimsókn á Stað í Staðardal og skemmtu börnin sér vel í ferðinni. Við vorum svo heppin að sjá eina kind bera og vakti það mikinn áhuga hjá börnunum. Hefð er fyrir því að hafa **Vorsýningu** í leikskólanum, en á henni gefst bæjarbúum kostur á að koma í leikskólann og sjá hvað við erum að gera skemmtilegt. Yfirleitt er mæting góð og flest allir foreldrar sem mæta með börnum sínum. Foreldrafélagið selur veitingar til fjáröflunar fyrir félagið. **Vorferð elstu nema** er sameiginleg ferð útskriftarnema leikskólans og yngri bekkja grunnskólans. Í ár var farið til Bolungarvíkur og í heimsókn í Náttúrugripasafnið. Þessi samvinna með grunnskólanum hefur gengið mjög vel og er orðinn fastur liður í okkar starfi. Í ár var sameiginleg **Íþróttahátíð** allra leikskólanna í Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkur haldin á Suðureyri. Allt skipulag fyrir hátíðina var í höndum starfsmanna Tjarnarbæjar. Við vorum mjög sátt við hátíðina, fengum gott veður og skipulagið gekk vel upp. Gaman var og skemmtilegt að taka á móti öllum þessum skemmtilegu börnum og starfsmönnum leikskólanna. Á **Systkinadegi** geta börnin boðið systkinum sínum í leikskólann, eða frænkum og frændum. Reglulega eru **hjóladagar** hjá okkur í leikskólanum. Þá koma börnin með hjólin sín og hjálma í skólann. Hjólað er innan lóðar og einnig er stundum farið út fyrir lóðina með kennurum til að æfa sig í umferðinni. Hefð er fyrir því að börnin komi fram opinberlega á Suðureyri, sýni leikþátt eða syngi fyrir viðstadda. Má þar nefna, Sunnuhlíð og 1. maí kaffi. Tilgangur okkar með því er að þjálfa börnin í því að koma fram. Foreldrar ráða því að sjálfsögðu hvort börn þeirra taki þátt eða ekki. Yfirleitt er þátttaka barnanna góð og eru börnin alltaf sínum leikskóla til sóma.

Útskriftarathöfn elstu nema

Í ár voru útskrifuð þrjú frábær börn úr leikskólanum. Útskriftardagurinn var 2. júní og var hann því í seinna lagi þetta árið. Á útskriftardaginn gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt með útskriftarbörnunum. Markmiðið er að þau finni að þetta er þeirra dagur og

eigi góðar minningar frá deginum. Útskriftin sjálf fór fram fyrir hádegi og var foreldrum og ættingjum boðið að vera viðstaddir. Börnin sungu nokkur lög fyrir foreldra sína og aðra þá sem voru á staðnum. Eftir það hófst formleg útskrift og foreldrar og ættingjar fylgdust með þegar börnin fengu útskriftarskjal og rós frá leikskólanum. Eftir útskriftina buðu börnin upp á kaffi og súkkulaðiköku sem þau höfðu skreytt sjálf.

Eftir hádegið var síðan farið í óvissuferð með útskriftarbörnin. Að þessu sinni var farið í bátsferð yfir á Norðureyri, þar sem var slegið upp tjaldi. Farið var í leiki, grillaðar pylsur og börnin léku sér í sandinum og sjónum. Áttum við mjög góðan og skemmtilegan dag á Norðureyri. Gaman er að geta kynnt börnin fyrir þeirri paradís sem við eigum handan fjarðarins. Þegar við komum til baka bauð Valli okkur óvænt upp á Prins póló og appelsín og voru allir mjög sáttir við það. Að lokum var komið við í Versluninni Súganda og var þar boðið upp á ís. Það voru stolt, glöð en þeytt börn sem komu heim þennan dag. Í vikunni eftir útskriftina gróðursettu útskriftarbörnin hvert sitt tré í reitnum okkar í Tjarnarlundi, en þar er að finna þau tré sem útskriftarbörnin hafa gróðursett sl. ár.

Útskriftardagurinn er stór dagur í lífi barnanna og mikilvægt að foreldrar, afar og ömmur taki þátt í honum og gleðjist með barninu. Eins er mikilvægt að kennarar skólans geri hann sem eftirminnilegastan fyrir börnin. Við þökkum stelpunum úr vinnuskólanum þeim Þórunni Birnu og Kötlu Vigdísu fyrir að leggja sitt af mörkum til að gera daginn skemmtilegan fyrir börnin. Eins er Vernharði Jósefssyni þakkað fyrir að gera okkur kleift að fara yfir á Norðureyri með börnin og að lokum er Valgeiri Hallbjörnssyni þakkað fyrir að lána okkur bátinn sinn.

Mat á leikskólastarfi

Innra mat:

- Hljóm- próf var lagt fyrir börnin í elsta árganginum. Hljóm-2 prófið kannar hljóðkerfis- og málvitund leikskólabarna. Prófið er talið hafa forspárgildi varðandi lestrarnám þegar í grunnskóla er komið. Prófið var lagt fyrir að hausti og aftur í janúar hjá þeim sem komu slök út að hausti en eitt barn kom slakt út á prófinu um haustið. Niðurstöðum úr prófunum var skilað inn í grunnskólann.
- EFI-2 málþroskaskimun var lagt fyrir börnin fjórða ári, prófið kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.
- Tove Krogh teikniprófið var lagt fyrir elstu börnin í maí.

- Gátlisti fyrir 5 ára börnin: Gátlisti var lagður fyrir elstu börnin í leikskólanum að hausti og að vori. Listinn tekur til eftirfarandi þátta: fínhyfingna, grófhreyfingna, stærðfræði, lestrarfærni og sjálfshjálpar.
- Gátlistar: sem tóku mið af aldri barnanna voru lagðir fyrir börnin. Þarna er verið að skoða fín- og grófhreyfingar, félagsþroska, málþroskann og sjálfshjálp. Farið var yfir niðurstöður á foreldrafundi.
- Safnbók: Börnin á eldri deildinni voru með vísi að safnbók. Efni í safnbókinni getur m.a. verið myndlist, teikningar, sögur, ljóð, matsblöð barnanna og ljósmyndir. Einnig er sett inn hæð barnanna að hausti og aftur að vori.
- Mat leikskólabarna: Börnin fengu tækifæri til að meta hvernig þeim líður í leikskólanum og í einstaka tímum. Matið er í því formi að börnin fá spurningarlista og eiga að lita broskall eða fýlukall eftir því sem þeim finnst. Dæmi: Hvernig finnst þér útikennslan í dag? ☺ eða ☹ Einnig teiknuðu öll börnin það sem þeim fannst skemmtilegt og leiðinlegast í leikskólanum.
- Félagakönnun var lögð fyrir börnin en hún getur gefið vísbendingar um það ef eitthvað barn samlagast ekki barnahópnum og á erfitt með að eignast vini innan hópsins. Ef barn kemur illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun, til að kanna nánar hvað veldur einangrun barnsins frá hópnum. Könnun sem þessi getur gefur okkur vísbendingu um félagslega stöðu barnanna í hópnum.
- Endurmat starfsmanna á starfinu: Allir starfsmenn fylltu út sérstakt matsblað er varðar starfið í leikskólanum, hvernig gekk að halda áætlun, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Á starfsmannafundum fer einnig fram óformlegt endurmat og einstakir þættir í skólastarfinu eru teknir út og þeir eru skoðaðir. Þetta óformlega endurmat er ekki síður nauðsynlegt og stuðlar að lifandi og skemmtilegu leikskólastarfi. Skipulagsdagar og starfsdagar eru nýttir til að endurmeta starfið.
- Allir starfsmenn fóru í starfsmannaviðtöl en boðið er upp á það einu sinni á ári. En í þeim er komið inn á þætti eins og álag í starfi, skipulag og hvað mætti bæta varðandi aðbúnað og skipulag.

Ytra mat:

- Skólapúlsinn var lagður fyrir foreldra. En þar gefst foreldrum kostur á að meta gæði starfsins í leikskólanum. Markmið könnunarinnar er m.a. að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, daglegra viðfangsefna, áherslu í starfinu, skipulags og upplýsingaflæðis.

- Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanám-skrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Fundað var með foreldraráði tvisvar á sl. starfsári.
- Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar: lögð var fram til kynningar, starfsáætlun fyrir árið 2016 - 2017, skóladagatal 2016 – 2017 og ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2014 -2015.

Foreldrafélag og foreldraráð

Á foreldrafundi í október 2015 var samþykkt að í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðs yrðu eftirfarandi foreldrar:

Í stjórn foreldrafélagsins eru:

Aðalsteinn Traustason

Tara Óðinsdóttir

Emilía Agata Górecka

Í foreldraráði eru:

Ingibjörg Torfadóttir

Aðalsteinn Traustason

Tara Óðinsdóttir

Gott samstarf hefur verið við foreldrafélag leikskólans og hefur myndast hefð fyrir því á hvaða hátt það kemur að starfsemi leikskólans. Á síðasta skólaári sá félagið um jólaföndur foreldra og barna fyrir jólin og sá um veitingar á Vorsýningu leikskólans. Foreldrafélaginu er þakkað fyrir gott samstarf, enda er góð samvinna foreldra lykillinn að farsælu leikskólastarfi.

Dægradvöl

Leikskólinn býður upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk í leikskólanum eftir grunnskólann. Á sl. skólaári voru fjögur börn sem óskuðu eftir dægradvöl í leikskólanum. Einnig geta foreldrar óskað eftir gæslu þegar starfsdagar eru í grunnskólanum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst nokkuð vel og er ekki annað að sjá en að fyrirverandi leikskólanemum finnist það vera góð tilfinning að koma aftur í leikskólann.

Samrekstur mótuneytis

Rekið hefur verið sameiginlegt mótuneyti fyrir leik- og grunnskólann undanfarin ár. Fyrirkomulagið hefur verið á þann hátt að maturinn er eldaður í mótuneyti leikskólans og fluttur í þar til gerðum kassa yfir í grunnskólann. Í mataráskrift í grunnskólanum voru 26 börn og 4 kennarar.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun stóðst.

Viðhald í leikskólanum

Viðhald húss á sl. ári:

- Skólinn var bónaður í sumarfrí.
- Settir voru upp sólbekkir við gluggana.
- Settur var gluggi á kaffistofu starfsmanna.
- Neyðarútgangar á vesturgafli voru lagaðir.
- Skipt var um þakrennur á húsinu.

Þau verkefni sem eru aðkallandi eru:

- Yfirfara klæðningu á húsinu.
- Mála innanhúss og húsið að utan.
- Ónýtt gler í mörgum gluggum, þarf að skipta um gler.
- Klára að skipta um plötur í lofti fyrir hljóðvist.
- Skipta um ljós.
- Skipta út hurðum og setja upp hurðir með gluggum.
- Salerni á eldri deild. Skipta þarf út flísum og setja upp nýjan vask.
- Setja hitalagnir í gólfið, sérstaklega á yngri deildinni, mjög mikill gólfkuldi er í húsinu
- Endurnýja þarf gólfdukana og gólflistana.

Viðhald lóðar á sl. ári:

- Lóðin var slegin þrisvar sinnum í sumar
- Sett var perlumöl í kringum kastalann

Það sem brýnt er að gera á lóð er:

- Lýsing á lóð, setja þarf upp ljósastaura á lóðinni, en á sínum tíma voru settir niður kaplar.
- Skipta út gömlum gormatækjum.
- Laga þarf hellulagnir og fallvarnir við vegasöltin.

Viðhald innanstokksmuna

- Keyptir voru nýir stólar fyrir börnin sem passa betur við borðin. Hægt er að stilla hvern stól fyrir hvert barn.

Virðingarfyllst,
Svava Rán Valgeirsdóttir
Leikskólastjóri.